

Formannspistill

Það er við hæfi að hefja hauststarf félagsins með útgáfu fréttabréfs þar sem farið er yfir störf félagsins og sagt frá því helsta sem gerst hefur í starfi félagsins á síðustu misserum.

Stjórn félagsins hefur tekið breytingum frá því að síðasta tölublað var gefið út. Á aðalfundi félagsins í janúar 2004 var Eva Hlín Dereksdóttir kjörin í stjórn félagsins, en Jón Schewing Thorsteinsson gekk úr stjórn félagsins, að öðru leyti hélst stjórnin óbreytt. Jón hefur starfað ötullega að framgangi aðgerðarannsókna til fjölda ára og við þökkum honum frábær störf í þágu félagsins.

Það styttist í að ráðstefna samtaka evrópskra aðgerðarannsóknafélaga – EURO haldi ráðstefnu hér, en hún verður haldin á Íslandi 2.-5. júlí, 2006. Hér er um að ræða einstakan atburð fyrir áhugafólk um aðgerðarannsóknir og við hvetjum ykkur til að kynna ykkur efni ráðstefnunnar á heimasíðu hennar sem er www.euro2006.org. Um hana er fjallað nánar aftast í fréttabréfinu.

Í þessu tölublaði er farið yfir efni funda sem ARFÍ hefur efnt til á síðustu misserum. Fundardagskráin hefur verið fjölbreytt og endurspeglar hvernig aðgerðarannsóknnum er beitt í dag í rekstri fyrirtækja og þá grósku sem er í rannsóknum á sviðinu hér innanlands. Tilgangur félagsins er að efla aðgerðarannsóknir og hagnýtingu þeirra á Íslandi með fundum, fréttabréfi og öðrum hætti og endurspeglar valið á fundarefni þetta.

Aðgerðarannsóknir eru ekki lengur viðfangsefni fárra sérfræðinga, heldur

fjölgar þeim stöðugt sem nota aðferðir aðgerðarannsókna í störfum sínum á öllum sviðum. Stöðugt fjölgar þeim sem læra um aðferðir aðgerðarannsókna í háskólum landsins og námsframboð er þar að aukast með tilkomu nýrra námsleiða. Einnig er aukin gróska í rannsóknum á sviði aðgerðarannsókna í tengslum við meistara- og doktorsnám sem í boði er við Háskóla Íslands.

Tilkoma ódýrs reikniafls, gagnagrunna og notendavæns viðmóts forrita opnar möguleika á hagnýtingu aðgerðarannsókna og úrvinnslu gagna til ákvarðanatöku sem aldrei fyrr. Þessi þróun er rétt að byrja og næsta víst að ný viðfangsefni og nýjar aðferðir eiga eftir að koma fram á sjónarsviðið.

Nú er unnið að endurbótum á vefsíðu félagsins og flutningi á veffangið www.arfi.hi.is. Það er vel viðeigandi þar sem að félagið varð til í Háskóla Íslands og fundir eru oftast á háskólalóðinni. Stefnt er að því að hafa þar aðgengilegar upplýsingar um fundi og fleira áhugavert efni.

Birna Pála

Starfsemi ARFÍ á árinu 2003

Aðalfundur félagsins var haldinn 10. júní 2003. Birna Pála Kristinsdóttir, Snjólfur Ólafsson, Jón Sch. Thorsteinsson, Hálfan Gunnarsson og Hlynur Stefánsson voru öll endurkosin í stjórn.

Stjórnin skipti með sér verkum þannig að Birna er formaður, Hálfan gjaldkeri og Snjólfur ritari.

Félagsgjöld voru ákveðin óbreytt: 1500 kr. fyrir einstaklinga en fyrir fyrirtæki og stofnanir er gjaldið 4500 kr. fyrir fyrsta féлага og 1000 kr. fyrir aðra féлага.

Á árinu voru haldnir alls 8 félagsfundir:

25. febrúar: *Notkun bestunar til að finna hagkvæmustu niðurröðun albarra.* Helgi Pétur Gunnarsson.

10. júní: Aðalfundur og erindi: *Nýting aðgerðarannsókna við viðhald flugvéla.* Sigurður Óli Gestsson.

3. september: *Er sveigjanlegur vinnutími framtíðin fyrir atvinnurekendur og starfsfólk?* Andris Kreicbergs, Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir og Þórhallur Ólafsson.

16. október: *Stytting aksturstíma sjúkrabifreiða með betri staðsetningu.* Silvía Kristín Ólafsdóttir.

31. október: *Græðgisalgrimið og danskar aðgerðarannsóknir.* Jakob Krarup.

3. nóvember: *Flutningastjórnun hjá Finnlandspósti.* Tuula Kinnunen.

20. nóvember: *Stjórnun hindrana og úrlausn lykilvandamála (Theory of Constraints).* Þorsteinn Siglaugsson.

10. desember: *Vörustýring hjá The Big Food Group.* Jon Grey og Martin Henry.

Tvö tölublöð af fréttabréfinu litu dagsins ljós, í júní og desember. Á ráðstefnu EURO í Istanbul í júlí 2003 var ákveðið að halda ráðstefnu EURO á Íslandi í júlí 2006. Búast er við að um 600-800 gestir sæki ráðstefnuna.

Tekjur ársins voru rúm 200 þ.kr. en gjöldin 142 þ.kr. Eignir félagsins voru um 874 þ.kr. í árslok.

Snjólfur

Starfsemi ARFÍ á árinu 2004

Aðalfundur félagsins var haldinn 26. janúar, 2004. Birna Pála Kristinsdóttir, Snjólfur Ólafsson, Hálfan Gunnarsson og Hlynur Stefánsson voru öll endurkosin í stjórn. Sú breyting varð á stjórn félagsins að Jón Sch. Thorsteinsson gekk úr stjórn félagsins. Stjórnin þakkaði Jóni fyrir góð störf í þágu félagsins og hans hlutverk í að

efla notkun aðgerðarannsókna á Íslandi. Nýr meðlimur, Eva Hlín Dereksdóttir, var kjörin í stjórn félagsins.

Stjórnin skipti með sér verkum þannig að Birna var valin formaður, Hálfan gjaldkeri og Snjólfur ritari.

Félagsgjöld voru ákveðin óbreytt: 1500 kr. fyrir einstaklinga en fyrir fyrirtæki

og stofnanir 4500 kr. fyrir fyrsta félaga og 1000 kr. fyrir aðra félaga.

Á árinu voru haldnir alls 7 félagsfundir:

26. janúar 2004: Aðalfundur og erindi: *Mat aðgerðarannsóknarmanns á verðmæti og rekstrarmöguleikum fyrirtækja.* Jón Sch. Thorsteinsson

24. mars: *Greining þjónustukerfa með biðraðafræði og hermun.* Nokkrir MBA nemendur.

31. mars: *Heimsókn til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins* og erindi og nýtingu aðgerðarannsókna. Jón Viðar Matthíasson og Halldór Halldórsson

18. maí: *Á að hætta að taka áhættu?* Gestur Pétursson.

7. september: *Kostnaðargreining verkefna hjá Orkuveitu Reykjavíkur.* Helga Guðrún Snjólfsdóttir.

27. september: *Presentation of THENEXOM.* Jose Antonio Dominquez Machuca.

10. nóvember: *Hermun og bestun stórra orkukerfa.* Jón Ágúst Þorsteinsson.

Ekkert fréttabréf var gefið út á árinu.

Tekjur ársins voru um 246 þ.kr. en gjöldin 26 þ.kr. Eignir félagsins voru um 1.094 þ.kr. í árslok. Þessi sjóður gerir félaginu kleift að takast á við það stóra verkefni að halda EURO XXI ráðstefnuna sumarið 2006.

Snjólfur

Stjórnun hindrana og úrlausn lykilvandamála

Fimmtudaginn 20. nóvember 2003 ræddi **Þorsteinn Siglaugsson** um stjórnun hindrana og úrlausn lykilvandamála. Þorsteinn er BA í heimspeki frá HÍ og MBA frá Insead. Hann starfar við ráðgjöf og verkefnastjórnun hjá Annata hf., samstarfsaðila Goldratt Institute á Íslandi.

Þorsteinn kynnti hugmyndafræðina að baki Theory of Constraints (TOC) og fór yfir helstu viðfangsefni. Síðan ræddi hann um Thinking Processes aðferðafræðina, skýrði hugmyndafræðina, lýsti greiningar- og umbótaferlinu og skýrði helstu aðferðir sem beitt er á mismunandi stigum ferlisins með dæmum. Að lokum setti Þorsteinn aðferðafræðina í samhengi við hefðbundnar aðferðir við stefnumótun, úrlausn vandamála og árangursmælingar.

Aðferðafræðin TOC, sem fyrst var sett fram af eðlisfræðingnum Dr. Eli Goldratt árið 1985 byggir á þeirri einföldu hugmynd að innan hvers framleiðsluferlis sé ávallt einn hlekkur sem er veikari en hinir og því sé meginverkefni framleiðslustjórnunar að hámarka afköst hans, en þannig, og aðeins þannig, sé hægt að hámarka afköst alls ferlisins.

Ásamt Lean Production, Just In Time, Kanban og TQM hefur Theory of Constraints, TOC, átt verulegan þátt í þeirri umbyltingu í framleiðslustjórnun sem hófst á síðustu áratugum liðinnar aldar.

Á grunni TOC hafa verið þróaðar aðferðir til að taka á fleiru en framleiðslustjórnun. Þar má telja útbreidda aðferðafræði við verkefnastjórnun, stjórnun þjónustu- og

dreifingarferla, markaðsstjórnun og síðast en ekki síst stefnumótun, markmiðasetningu og árangursstjórnun.

Margir telja aðferðafræði TOC til stefnumótunar og úrlausnar vandamála, Thinking Processes (TP), eina merkilegustu kenningu Goldratts. Aðferðafræðin snýst um að beita strangri rökgreiningu til að greina sameiginlegar frumorsakir vandamála, sem við fyrstu sýn virðast eiga fátt sameiginlegt. Aðferðafræðin byggir á fáeinum, einföldum leiðum til að greina

orsakasamhengi, leysa úr mótsögnum og byggja upp raunsæjar aðgerða-áætlanir.

Að loknu erindi voru fjörugar umræður þar sem meðal annars var rætt um við hvaða aðstæður þessi aðferðafræði kæmi helst að notum.

Snjólfur

Vörustýring hjá The Big Food Group

Miðvikudaginn 10. desember 2003 kynntu **Jon Grey** og **Martin Henry** vörustjórnun hjá The Big Food Group plc.

Big Food Group er fimmta stærsta fyrirtækið í matvöruverslun í Bretlandi, á og rekur verslanakeðjurnar Iceland, Booker og Woodward. Verslanir eru 936 talsins, í Englandi, Skotlandi og Írlandi og hjá fyrirtækinu starfa yfir 30 þúsund manns. Heildarvelta félagsins á síðasta rekstrarári var um 710 milljarðar króna.

Jon Grey er framkvæmdastjóri vörustýringar (logistics) hjá The Big Food Group í Bretlandi og Martin Henry er sérfræðingur í skiplagningu vöruflæðis hjá félaginu. Þeir komu til Íslands á vegum Baugs Group hf, en Baugur á um 22% í félaginu.

Jon og Martin kynntu starfssemi fyrirtækisins og sögðu frá skipulagningu vöruflæðis í aðfangakeðju Big Food Group. Hagkvæm skipulagning

vöruflæðis er afar mikilvæg og á síðastliðnum misserum hefur Big Food Group náð umtalsverðum árangri á því sviði.

Þeir sögðu einnig frá skipulagningu vörudreifingar í fyrirtækjum sem tilheyra félaginu og tóku dæmi um skipulagninguna í mismunandi tilfellum og kynntu bestunarhugbúnað sem þeir nota.

Að lokum ræddu þeir um áframhaldandi þróun aðfangakeðjunnar og samspili dreifingar við pantanir, innkaup, birgðastýringu og önnur mikilvæg verkefni með það að markmiði að gera aðfangakeðjuna að einni hagkvæmri heild.

Í lok fundarins gafst tími fyrir nokkrar spurningar. Um 60 manns sóttu fundinn og var þetta einn af fjölmennustu fundum sem ARFÍ hefur haldið.

Snjólfur

Aðalfundur 2004

Mánudaginn 26. janúar 2004 hélt Aðgerðarannsóknafélag Íslands tvíþættan fund. Fyrst var stuttur aðalfundur og síðan erindi Jóns Scheving Thorsteinssonar.

Frá ákvörðunum aðalfundarins er sagt hér að framan undir „Starf ARFÍ á árinu 2004“.

Snjólfur

Mat aðgerðarannsóknarmanns á verðmæti og rekstrarmöguleikum fyrirtækja

Í framhaldi af aðalfundarstörfum 26. janúar 2004.

Jón Scheving Thorsteinsson, sem er með meistaraþróf í aðgerðarannsóknnum, hefur varið miklum tíma í að meta verðmæti og rekstrarmöguleika fyrirtækja, einkum fyrirtækja í smásölurekstri. Á síðustu árum hefur hann fyrst og fremst starfað við að meta bresk fyrirtæki.

Jón sagði skemmtilega frá þessum verkefnum sínum og umræður voru fjörugar. Þótt ekki sé hér um beina hagnýtingu aðgerðarannsókna að ræða þá eru vinnubrögðin við greiningu viðfangsefnanna um margt lík vinnubrögðum við aðgerðarannsóknir.

Verðlagning fyrirtækja er um margt sérstök og oft órókrétt og er það ein af ástæðum þess að víða leynast góð kaupækifæri. Sem dæmi nefndi hann stóra verslun þar sem verðmæti fasteigna var hærra en verðmat fyrirtækisins og því mögulegt að innleysa hagnað með því að selja fasteignina.

Jón fjallaði einnig um hvernig mögulegt er að draga miklar ályktanir um hve góður rekstur verslunar er með því að labba í gegnum hana með augun opin

(og alla sérfræðipækkinguna í kollinum).

Snjólfur



Greining þjónustukerfa með biðraðafræði og hermun

Miðvikudaginn 24. mars 2004 hélt ARFÍ fund þar sem MBA nemendur við Háskóla Íslands kynntu þrjú raunverkefni. Öll verkefni fjölluðu um þjónustukerfi, eitt um bankaútibú, annað um útibú ÁTVR og hið þriðja um innritun farþega í flug. Sameiginlegt með verkefnum er að beitt er biðraðafræði og/eða hermun til að meta mönnunarþarfir í þjónustu miðað við mismunandi álag á kerfin, þannig að

þjónustustig í einhverjum skilningi sé ávallt það sama. Í sumum verkefnum er gengið lengra og kannað með línulegri bestun hvernig vaktafyrirkomulag mundi henta best.

Fyrirlesarar tóku allir þátt í valnámskeiði í MBA náminu sem heitir Rekstrarstjórnun II og fjallar um notkun reiknilíkana í rekstri.

Snjólfur

Heimsókn til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Miðvikudaginn 31. mars 2004 bauð Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins félögum ARFÍ og öðrum áhugasömum í heimsókn. Jón Viðar Matthíasson og Halldór Halldórsson, sem voru þá jafnframt MBA nemendur, tóku á móti hópnum, sögðu frá starfseminni og sýndu aðstæður. Þeir sögðu jafnframt frá verkefnum á sviði

aðgerðarannsókna sem þeir hafa unnið og tengjast starfsemi slökkviliðsins og ræddu möguleika á frekari nýtingu aðgerðarannsókna.

Einnig var sagt frá hinni sígildu baráttu við að draga fram réttar og gagnlegar upplýsingar úr tölvukerfum.

Snjólfur

Á að hætta að taka áhættu?

Þriðjudaginn 18. maí 2004 svaraði **Gestur Pétursson** ofangreindri spurningu á fundi hjá Aðgerðarannsóknafélaginu. Fjallað var um áhættustýringu út frá sjónarmiði innri þátta í rekstri fyrirtækja og stofnana. Tekin voru raundæmi á sviði fjárhagsáætlana, áreiðanleikakannana, verkefnastjórnunar, almannavarna, umhverfismála og stjórnunar.

Gestur Pétursson er sérfræðingur í áhættustýringu og hefur sinnt ýmsum viðfangsefnum á því sviði sl. 8 ár. Einnig kennir Gestur meistara-nemendum í Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands námskeið sem heitir áhættu- og óvissustjórnun.

Snjólfur

Kostnaðargreining verkefna hjá Orkuveitu Reykjavíkur

Algengt er að stærstur hluti verkefna á sviði aðgerðarannsókna snúist um að afla upplýsinga sem eru nauðsynleg undirstaða ákvarðana. Upplýsingar um kostnað vegna verkefna eða verkþátta eru dæmi um slíkar upplýsingar.

Aðgerðarannsóknafélag Íslands boðaði til fundar þriðjudaginn 7. september 2004 þar sem **Helga Guðrún Snjólfsdóttir** kynnti verkefni sem hún vann að hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Verkefnið fólst í því að greina kostnað vegna þeirra verkefna sem unnin eru af vinnuflokkum Orkuveitu Reykjavíkur, en þeir sjá um viðhald og uppbyggingu veitukerfanna. Þau einingarverð sem hafa verið dregin fram eru hluti af gagnagrunni sem starfsfólk OR notar til áætlanagerðar. Bæði var fjallað um það samhengi sem þessi vinna er í og um nokkur tæknileg og praktísk atriði.

Snjólfur


Presentation of THENEXOM

Þann 27. september 2004 kom Jose Antonio Dominquez Machuca í heimsókn til Íslands til að ræða um THENEXOM sem eru evrópsk samtök fræðimanna í rekstrar- og vörustjórnun (European Thematic Network for the Excellence in Operations and Supply Chains Management Education, Research and Practice).

Markmiðið var að kanna hvort möguleiki væri á því að einhverjir háskólar á Íslandi eða fræðifélög hefðu áhuga og möguleika á að taka þátt í þeim.

Þótt fundarmönnum þætti þetta áhugavert og fróðlegt að fræðast um uppbyggingu þessara samtaka, þá virtist ekki líklegt að einhver aðili á Íslandi myndu taka þátt í þessu.

Snjólfur



Aðferðafræði við kerfisbundna hermun og bestun stærri orkukerfa

Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson var gestur félagsins þann 10. nóvember, 2004. Dr. Jón Ágúst er framkvæmdastjóri Marorku ehf. sem er leiðandi fyrirtæki á sviði orkustjórnunar fiskiskipa. Í fyrirlestri sínum kynnti hann nýja aðferðafræði sem beitt er við kerfisbundna hermun og bestun stærri orkukerfa. Einnig kynnti hann fyrirtækið Marorku ehf. sem er leiðandi fyrirtæki á sviði orkustjórnunar fiskiskipa.

Hönnun fiskiskipa og orkukerfa þeirra er flókið ferli og margt sem hefur áhrif á niðurstöðu hönnunar svo sem stærð og gerð skips, veiðimynstur, gerð og notkun veiðarfæra, margbreytileiki veiða o.s.frv. Vegna þeirra mörgu breyta sem hafa áhrif á endanlega útkomu hönnunar eykst mikilvægi þess að þróa stærðfræðilega aðferðafræði, sem beita má þegar við frumhönnun,

þannig að besta nýting eldsneytis sé tryggð eftir að skip er komið í rekstur.

Jón Ágúst kynnti nýja aðferðafræði til að beita við hönnun orkukerfa skipa og nýjan hönnunarhugbúnað, sem hefur hlotið nafnið Maren. Þessi hugbúnaður gerir hönnuðum kleift að beita stærðfræðilíkönun, hermilíkönun og bestun við frumhönnun skips. Hönnunarhugbúnaðurinn Maren hefur reynst áhrifaríkur og fljótvirkur þegar leitað er að bestu hönnun á orkukerfum skipa.

Í fyrirlestrinum var kynnt hvernig aðferðafræðinni var m.a. beitt við endurhönnun á kúfiskveiðiskipi. Niðurstaða endurhönnunar leiddi til þess að áætluð eldsneytisnotkun skipsins dróst saman um 25-28%.

Birna Pála

Innkaupa- og birgðastýringakerfið AGR Innkaup

Þann 3. febrúar 2005 hélt Hálfðan Gunnarsson framkvæmdastjóri AGR fyrirlestur um Innkaupa- og birgðastýringakerfið AGR Innkaup. Farið var yfir helstu kostnaðarliði við birgðahald og fjallað um ávinning fyrirtækja af því að lækka birgðir. Hálfðan greindi frá mikilvægi spáaðferða við við mat á eftirspurn vara ásamt helstu aðferðum til að ákvarða öryggisbirgðir. Einnig var fjallað um hvernig niðurstöður ABC greiningar

geta nýst við ákvörðun birgðastefna og fjallað um aðferðafræðina sem AGR Innkaup byggir á.

Í lokin greindi Hálfðan frá verkefni sem AGR er að vinna fyrir fyrirtækið Eva Denmark þar sem stýra þarf birgðum, reikna innkaupaáætlanir og aðfangapörf í mörgum vöruhúsum víða um heim.

Hálfðan

Heimsókn í ALCAN á Íslandi í Straumsvík og kynning á LEAN SIX SIGMA

Þann 30. mars 2005 var félagsmönnum boðið í heimsókn til Alcan á Íslandi í Straumsvík. Þar tóku Birna Pála Kristinsdóttir, Jón Gunnar Jónsson og Jón Ásgeirsson sem öll eru félagar í ARFÍ á móti félagsmönnum og kynntu starfsemi fyrirtækisins, helstu ferla þess og innleiðingu aðferðafræði sem kallast **Lean Six Sigma** hjá fyrirtækinu. Að fyrirlestri loknum voru framleiðsludeildir fyrirtækisins skoðaðar.

Alcan á Íslandi framleiðir um 200 vörutegundir sem seldar eru á alþjóðamarkaði. Til þess að tryggja það að fyrirtækið sé ávallt fyrsti valkostur viðskiptavina og til að ná hámarksárangri á öllum sviðum rekstrarins er stöðugt unnið að umbótum. Til að umbótavinna sé sem markvissust hefur Alcan á Íslandi innleitt aðferðafræðina Lean Six Sigma.

Lean Six Sigma aðferðafræðin er sett saman úr tveimur kenningarskólum sem eru Lean Manufacturing og Six Sigma. Í Lean Manufacturing er áhersla á að útrýma sóun og einfalda ferla fyrirtækja með það að markmiði að hámarka gæði, lágmarka kostnað og hraða ferlum. Six Sigma stuðlar að því að lágmarka breytileika í frálagi ferla. Þannig byggir aðferðafræðin á því að nota tölfræði til að greina orsakir vandamála og til að koma með lausnir á þeim. Lean Six Sigma byggir á öflugri teymisvinnu þar sem unnið er markvisst að vel skilgreindum umbótaverkefnum. Rík áhersla er lögð á að verkefni skili mælanlegum árangri. Verkefni eru unnin samkvæmt svokölluðu DMAIC vinnuferli, sem á íslensku mætti þýða sem Skilgreina, Mæla, Greina, Bæta og Stýra. Ýmsum aðferðum er beitt á

hverju stigi verkefnisins, þar má nefna ýmsar tölfræðilegar aðferðir, stýririt, aðhvarfsgreiningu, fiskibeinarit, ferligreiningu og margar fleiri.

Starfsmenn eru markvisst þjálfaðir í aðferðum Lean Six Sigma enda er víðtæk þjálfun starfsmanna lykillinn að góðri innleiðingu á Lean Six Sigma. Þeir sem fá mesta þjálfun í að beita aðferðafræðinni fá svart belti (Black Belt). Svört belti vinna í fullu starfi að umbótaverkefnum hjá fyrirtækinu og eru nú 3 starfandi. Til viðbótar svörtum beltum eru græn belti (Green Belts). Þeir fá styttri þjálfun og sinna umbótaverkefnum samhliða daglegum störfum sínum. Alls hafa 28 starfsmenn hlotið Green Belt þjálfun. Auk svartra belta og grænna eru til gul belti (Yellow Belt), en þjálfun þeirra er mun minni en hinna og er fyrst og fremst til þess að skapa sameiginlegan skilning á aðferðafræðinni innan fyrirtækisins. Þannig er tryggt að jarðvegurinn sé góður fyrir stöðugar umbætur.

Kynnt voru einstök umbótaverkefni og hvernig þau hafa gagnast fyrirtækinu. Þótt hugmyndafræðin eigi upphaflega rætur að rekja til framleiðsluumbhverfis og henti vissulega vel þar, þá einskorðast hún á engan hátt við slík verkefni. Í Straumsvík snúa verkefni að framleiðsluferlum, þjónustuferlum og ekki síst að ferlum sem snúa að öryggis, umhverfis- og heilbrigðismálum.

Birna Pála

Heimsókn til Samskipa

Miðvikudaginn 25. maí 2005 héldu nokkrir starfsmenn Samskipa fyrirlestur um gámastýringar fyrir félagsmenn. Magnús Már Adolfsson starfsmaður flutningastjórnunardeildar kynnti lauslega helstu tölur og rekstrareiningar fyrirtækisins ásamt því að gefa yfirlit yfir siglingaleiðir Samskipa. Hann fjallaði því næst um kjarna málsins, gámastýringar.

Markmiðið með gámastýringum er að uppfylla eftirspurn með lágmarks stökkstærð og hámarka nýtingu gáma. Langtíma- og skammtíma áætlanagerðir eru mikilvæg tól í gámastýringu sem snýst í grófum dráttum um það að eiga rétta gáma á réttum stöðum. Sérstaða Íslands var einnig rædd á fundinum og kom Magnús inn á það að ekki aðeins er mun meira flutt inn til landsins en út heldur er einnig um töluvert ólíka frakt að ræða. Innflutningur er að mestu fluttur inn í þurrgámum, matvara, bílar og byggingaefni en útflutningur er að mestu frystur og ferskur fiskur fluttur út í frystigámum. Þar sem að Ísland er heldur ekki í alfaraleið tekur langan tíma að koma gámum aftur út í umferð þar sem fraktin bíður.

Björn Viðarsson tók því næst við og fjallaði um gámastýringar á gámum til Asíu. Samskip flytja mikið af frystivöru á asíumarkað og er þeim gámum siglt til Rotterdam en þaðan fara gámarnir með stórum skipalínunum til Asíu. Gámarnir eru alla jafna leigðir af skipalínunum og samanstandur kostnaður við leigu á gámum m.a. af sjófraktinni sjálfri, viðhaldskostnaði og svokölluðum hegningarkostnaði sem fellur á ef gámnum er ekki skilað innan

tilskilins tíma. Þessir kostnaðarliðir eru háðir því á hvaða höfn gámurinn er sendur og hvaðan gámurinn er leigður. Starfsmenn flutningastjórnunardeildar skoða alla þessa þætti og fyrir hverja vertíð þurfa þeir að byggja sína gámastýringu á spám um flutt magn á hverja höfn fyrir sig.

Að lokum fjallaði Eva Hlín Dereksdóttir, verkfræðingur á rekstrar-sviði, um nýja vöruhúsið sem Samskip tók í notkun í október í fyrra. Farið var lauslega yfir helstu stærðir og nokkur umbótaverkefni sem unnið var að. Má þar helst nefna umferðarstjórnunarkerfi sem ætlað er að lágmarka afgreiðslutíma viðskiptavina og bæta nýtingu gólfs og hurða. Með kerfinu er mögulegt að lágmarka þann tíma sem bill er í hurð með því að kalla viðskiptavin að hurðinni þegar sending hans er tilbúin til afhendingar. Í gegnum kerfið hafa starfsmenn einnig góða yfirsýn yfir fjölda sendinga sem bíða afgreiðslu og geta því stýrt sinni vinnu markvissar en áður.

Að loknum fyrirlesturum sköpuðust góðar umræður um gámastýringar enda mæting nokkuð góð og sátu flestir starfsmenn flutningastjórnunardeildar fyrir svörum. Gestum var einnig boðið í stutta kynnisferð um nýja vöruhúsið sem mæltist vel fyrir, einkum hjá starfsmönnum Eimskipa. Þeim þótti áhugavert að sjá hversu ólíka stefnu fyrirtækin hafa tekið við hönnun sinna vöruhúsa, en það er sjálfsagt efni í annan fyrirlestur.

Eva Hlín

EURO XXI

EURO XXI ráðstefnan verður haldin í nokkrum byggingum Háskóla Íslands dagana 2.-5. júlí, 2006. Tvö ár eru síðan ákvörðun um það var tekin af EURO, samtökum evrópskra aðgerðarannsóknafélaga. Vefsíða ráðstefnunnar er www.euro2006.org.

Þetta er lang stærsta verkefnið sem ARFÍ hefur tekið að sér hingað til. Árið 1995 hélt félagið norræna ráðstefnu, NOAS '95 með þátttöku um 40 ráðstefnugesta. Gert er ráð fyrir að þátttakendur á EURO ráðstefnunni verði á bilinu 600-800 þannig að umfang hennar er margfalt meira.

Tvær undirbúningsnefndir vinna að undirbúningnum og eru eftirtaldir einstaklingar í þeim:

Programme Committee

Chair: Tuula Kinnunen, Finland Post Corp.

Plenary chair: Gerhard-Wilhelm Weber, METU Ankara, Turkey

Raymond Bisdorff, University of Luxembourg

Jean-Pierre Brans, Vrije Universiteit Brussel (VUB), Belgium

Ulrike Leopold-Wildburger, Karl-Franzens Universitat Graz, Austria

Snjólfur Ólafsson, University of Iceland

Maurice Shutler, London School of Economics, United Kingdom

Marino Widmer, University of Friburg, Switzerland

Martin Zachariassen, University of Copenhagen, Denmark

Organizing Committee

Chair: Snjólfur Ólafsson, University of Iceland

Gülay Barbarosoglu, Vice-President 1 of EURO

Magnús M. Halldórsson, University of Iceland

Ingjaldur Hannibalsson, University of Iceland

Thorkell Helgason, National Energy Authority

Páll Jensson, University of Iceland

Tuula Kinnunen, Finland Post Corp.

Ingjaldur Hannibalsson, University of Iceland

Birna P. Kristinsdóttir, Alcan Iceland

Bjarni Kristjánsson, Maximal Software

Jakob Krarup, University of Copenhagen

Hlynur Stefánsson, AGR

Á ráðstefnum sem þessum flytja flestir þátttakendur erindi og því er líklegt að þau verði á bilinu 600-700. Til að koma þessum erindum öllum fyrir á þremur dögum þarf að halda mörg erindi samtímis og við gerum ráð fyrir að hafa 25 samhliða strauma af erindum. Listi yfir strauma sem unnið er að því að skipuleggja er á vefsíðunni.

Opnunarathöfn og lokadagskrá verða í stóra salnum í Háskólabíói. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, mun opna ráðstefnuna og Saul Gauss mun flytja erindi á vegum IFORS (aðþjóðasamtaka aðgerðarannsóknafélaga).

Reiknað er með að 11 erindi verði svokölluð semi-plenary erindi þar sem aðeins fá erindi verði flutt samhliða, jafnframt sem þessi erindi eru lengri en almenn erindi.

Operational Research and Fisheries Management

Ragnar Arnason

Problem Structuring and Formulation in Decision Aiding

Valerie Belton

Dynamics and Control of Epidemic Processes

Gustav Feichtinger

Unified Approaches and Techniques for Approximation Algorithms to NP-hard Problems

Dorit Hochbaum

Energy, Environmental Management, and Sustainable Development

Klaus S. Lackner

Design and Optimization of Emission Trading Markets and Sustainable Bargaining Systems

Stefan W. Pickl

Global Optimization in Practice: Software and Applications

János D. Pintér

Pricing and Revenue Management with Endogenous Demand

Ioana Popescu

Social Choice and Computer Science

Fred S. Roberts

Problem Structuring and Sustainable Development

Jonathan Rosenhead

How Good are Interior Point Methods?

Tamás Terlaky

Ráðstefnan er einstakt tækifæri fyrir Íslendinga að taka þátt í ráðstefnu sem þessari. Margir háskólamenn sækja að sjálfsögðu oft svona ráðstefnur, en menn í atvinnulífinu sjaldnar. Þótt meirihluti erinda sé frekar eða mjög fræðilegur, þá eru einnig mörg erindi með áherslu á hagnýtingu.

Á ráðstefnum með yfir 20 samhliða straumum sækir hver einstaklingur yfirleitt erindi í örfáum straumum. Þannig má gera ráðstefnuna að sérhæfðri ráðstefnu að eigin vali. Á EURO XXI ráðstefnunni gæti ég t.d valið straumana:

Advanced Investment Analysis Models and Techniques

Auctions

Financial Modelling

Optimization in Financial Mathematics

eða

OR in Agriculture and Forest Management

OR in Health Care

Transportation

Business and Industry OR - Special Track

og fengið þannig mjög ólíka upplifun.

Vonandi sjá margir Íslendingar sér fært að taka þátt í ráðstefnunni.

Snjólfur

